

1105. stjórnarfundur VR**Haldinn miðvikudaginn 11. desember í Kringlunni 7 á 14. hæð, kl. 17:30**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Elías Magnússon sviðsstjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna á breytingum frá boðaðri fundardagskrá þannig:

1. Fundargerð 1103. og 1104 lagðar fram til samþykktar
2. Nýir trúnaðarmenn
3. Staðan í kjaraviðræðum
4. Láglaunastyrkir
5. Rekstraráætlun VR 2014
6. Starfsmenntanefnd
7. Kosning varamanns í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna
8. Önnur Mál

Samþykkt.

1. Fundargerðir 1103. og 1104. lagðar fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerðir 1103. og 1104. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist.

Voru þær samþykktar og undirritaðar.

2. Nýir trúnaðarmenn

Ólafía Björk las upp lista eftirfarandi nýrra og endurkjörinna trúnaðarmanna til samþykktar.

Nafn	Fyrirtæki	Nýr/endurkjörin
Ingibjörg Barðadóttir	Norðurál	Nýr
Helgi Þorvaldsson	Bauhaus	Nýr
Benedikt Ólafsson	Penninn/Eymundsson	Endurkjörin
Valva Árnadóttir	Penninn/Eymundsson	Endurkjörin
Anna Bryndís Hendriksdóttir	Rauðkrossinn á Íslandi	Nýr
Ásmar Örn Brynjólfsson	Fálkinn	Endurkjörin
Ingvar J. Tryggvason	Nýherji	Nýr
Emelía P. Sigurðardóttir	Fastus ehf	Endurkjörin
Atli Þór Emilsson	Bakkinn Vöruhótel	Endurkjörin
Guðjón Steinarsson	Gámaþjónustan hf.	Endurkjörin
Ellen Rós Baldvinsdóttir	Alcoa Fjarðaál	Endurkjörin
Helga Jóhannesdóttir	Húsasmiðjan (Egilsst)	Endurkjörin
Guðrún Strange	DBH Ísland ehf	Nýr

Samþykkt.

3. Staðan í kjaraviðræðum

Ólafía Björk fór yfir stöðu kjaraviðræðna. Í máli hennar kom m.a. fram að fundað hefði verið með SA í gær á fundi kl. 13 en sá fundur stóð í um tvær klukkustundir. Ákveðið var að vísa viðræðum til ríkissáttasemjara.

Ólafía Björk spurði þá næst fundarmenn hvað þeim finnst um stöðuna og hver væru þeirra “sársaukamörk” í komandi viðræðum hvað varðar okkar kröfur um 11 þúsund króna hækkun á töxtum og 3,5% kaupmáttaraukningu.

Umræður.

Að loknum umræðum vék Elías Magnússon sviðsstjóri af fundi kl. 19:25.

4. Láglaunastyrkir

Ingibjörg Ósk, formaður framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs VR lagði fram skjölin “*Styrkir til tekjulægri félagsmanna – tímabundið úrræði*” dags. 11. desember 2013 og einnig yfirlitsskjal yfir fjölda einstaklinga, fjölda umsókna og upphæðir greiddra styrkja síðustu fjögur árin. Fór hún þá næst yfir efni þessara skjala en lagt er til að hætt verði með þessa láglaunastyrki frá og með komandi áramótum þar sem þeir hafi fyrst og fremst verið hugsaðir sem tímabundið viðbragð við erfiðleikum í kjölfar efnahagshruns haustið 2008. Einnig hafi orðið vart óánægju með þessa styrki hjá öðrum félagsmönnum sem hafi lág laun en nái ekki lágmarki til að fá þessa styrki.

Umræður.

Var þessi tillaga framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs um að hætta með þessa styrki frá og með næstu áramótum þá borin undir atkvæði og voru 9 samþykkir og enginn á móti.

Sigurður Sigfússon lagði fram eftirfarandi bókun vegna síns atkvæðis:

“Bókun

Sigurður Sigfússon samþykkir að hætta með láglaunastyrki – komi eitthvað í staðin”.

5. Rekstraráætlun VR 2014

Stefán lagði fram eftirfarandi skjöl: “*Rekstraráætlun VR 2014*”, “*Rekstraráætlun VR 2014-deildarskipt*” og “*Rekstraráætlun VR 2014 – skýringar*”. Fór hann þá næst yfir helstu tölur, fyrst forsendur áætlunarinnar sem m.a. eru þær að reiknað er með 0,6% fjölgun félagsmanna, 3,25% launahækkunum og 2,5% verðbólgu.

Stöðugildi hjá VR á árinu 2014 eru áætluð 52,7. Áfram er reiknað með aukningu í greiðslum sjúkradagpeninga. Reiknað er með óbreyttu framlagi í varasjóð, 490 milljónum kr. og óbreyttu verði á útleigu orlofshúsa.

Nýtt í þessari áætlun er það að meðhöndlun á tekjum vegna STARF og VIRK verður færð undir launakostnað og rekstur LÍV verður aðskilinn rekstri VR.

Helstu tölur eru þær að reiknað er með að rekstrartekjur verði 2.6 milljarðar kr., rekstrargjöld samtals 2.4 milljarðar kr. og að rekstartekjur umfram (gjöld) verði 201 milljónir kr.. Fjármagnsliðir alls eru áætlaðir 426 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 627 milljónir kr.

Næst fór Stefán yfir deildarskipta áætlun þar sem hann fór m.a. yfir þróun í greiðslum sjúkradagpeninga eftir sjúkdómaflokkum en mikill vöxtur hefur verið í greiðslum vegna geðraskana og stoðkerfissjúkdóma síðustu árin.

Lögð er til óbreytt fjárfestingastefna milli ára. Þetta er varfærin stefna sem sé mest í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Fór Stefán þá næst yfir fjárfestingaáætlun þ.e. allt sem verður eignfært og síðan afskrifað. Stærsti hluti þess eru 5 smáhýsi sem byggð verða í Miðhúsaskógi.

Umræður.

Að loknum umræðum var þessi rekstraráætlun 2014 borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

6. Starfsmenntanefnd

Fríður Birna formaður starfsmenntanefndar VR fór yfir það helsta sem verið hefur á döfni hjá starfsmenntanefnd á glærum. Búið er að samþykka starfsreglur og hlutverk, einnig forgangsöröðun verkefna. Búið er að halda þó nokkra fundi og fór Fríður Birna yfir helstu mál sem rædd hafa verið í nefndinni. Helst hefur þetta snúist um undirbúning að námi fyrir ungt fólk um réttindi, skyldur ofl. Þau eru að velta fyrir sér framsetningu efnisins en það er flókið mál og því var farið í það að fá rýnihópavinnu til að greina þetta fyrst.

Rætt hefur verið við fræðsluaðila og starfsmannastjóra stórra fyrirtækja sem áhugasamir eru um samvinnu á þessu sviði. Þannig að efnið sjálft er komið, að mestu frá Teiti Lárussyni kjaramálaráðgjafa VR, en enn er óvíst með framsetningu þess. Áfram verður haldið með þróunarvinnu þessa og svo gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlun. Væntanlega verður það tilbúið í feb/mars 2014.

Umræður.

7. Kosning varamanns í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ólafía Björk lagði fram skjölin “*Minnisblað – Tillaga um varamann í stjórn LIVE*” dags. 11 desember 2013 og “*Starfsferilsskrá – Auður Árnadóttir*” en tilefnið er það að athugasemd kom frá Fjármálaeftirlitinu um að skipan okkar á varamönnum í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna samræmist ekki reglum um kynjahlutföll í stjórnnum. Leggur hún því til að í stað varamanns okkar Jóhanns Halldórssonar verði skipuð varamaður Auður Árnadóttir sem í dag starfar sem fjármálastjóri Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ehf.

Umræður.

Var þessi tillaga Ólafíu Bjarkar þá borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en Ragnar Þór óskaði eftir að það yrði bókað að hann sæti hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 21:45
Árni Leósson, fundarritari